



Félag íþrótta-, æskulýðs- og tómsfundafulltrúa

1. okt. 2018

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála

FÍÆT, félag íþrótta-, æskulýðs- og tómsfundafulltrúa á Íslandi hefur farið yfir áform um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála ásamt breytingum á íþróttalögum og lýst í meginefni vel á tillöguna. FÍÆT myndi þó vilja sjá viðbót inn í íþróttalögin sem væru til samræmis við æskulýðslögin nr. 70 28.mars 2007. Þar er tekið fram í 3 málsgrein, IV kafla, 10. gr.

“Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra [hegningarlaga, nr. 19/1940](#). Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfbóðaliðastarfs.”

Stjórn FÍÆT leggur því til að bætt verði við ákvæði í íþróttalög þar sem m.a. er mælt fyrir um að óheimilt verði að ráða einstaklinga til starfa hjá íþróttafélögum eða þiggja framlag þeirra sem sjálfbóðaliða hafi þeir hlotið refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Sama muni gilda um þá sem hafa hlotið refsidóma fyrir brot á gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum.

Með bestu kveðju

f.h. stjórnar FÍÆT

Bragi Bjarnason
formaður FÍÆT